



- ▶ **Húsverndarsjóður Reykjavíkur** auglýsir einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki til viðgerða og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af sögulegum og/eða byggingarsögulegum ástæðum. Skipulagsráð Reykjavíkur getur tekið ákvörðun um að leggja áherslu á einstaka borgarluta eða götur og er það þá sérstaklega tekið fram í auglýsingu.
- ▶ Bent skal á að endurgerðir á ytra byrði húsa til upprunalegs stils og viðhald húshluta sem taldir eru hafa mikið gildi til varðveislu vegna heildarsvíps svæða s.s. klæðningar, steypar þakrennur og garðveggir njóta forgangs
- ▶ Lýsing á gögnum sem krafist er með umsókn er á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Upplýsingar sem skulu koma fram á umsóknareyðublaði eru lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum, tímaáætlun, kostnaðaráætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir og ljósmynd af húsi og gamlar ef til eru og lýsing á núverandi ástandi þess. Beðið er um teikningar af húsi eða nánari gögn ef ástæða þykir. Teikningar af húsum má fá hjá byggingarfulltrúa, skipulags- og byggingarsviði, ef þær eru ekki til er möguleiki að fá gamlar teikningar og ljósmyndir hjá Árbæjarsafni, Þjóðminjasafni eða Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Ef umsókn er ekki skilmerkilega út fyllt, t.d. ef á vantar ljósmynd af núverandi útliti eða kostnaðaráætlun, verður viðkomandi umsókn ekki tekin til greina.
- ▶ **Ferill umsóknar og greiðslu styrja:**
 1. Umsókn er send til eða afhent skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur, Borgartúni 3, 105 Reykjavík.
 2. Þar til skipaðir fulltrúar sviðsins fara yfir gögn og leggja til styrkþega.
 3. Skipulagsráð afgreiðir umsókn um styrk og borgarráð staðfestir afgreiðsluna.
 4. Skipulags- og byggingarsvið sendir umsækjanda skriflegt svar með upplýsingum um áframhaldandi ferli.
 5. Styrkur er ekki greiddur út fyrr en verk sem styrkur hefur verið veitt til hefur hafist.
 6. Áður en hafist er handa við fyrirhugaðar framkvæmdir skal styrkþegi bera nánari útfærslur, t.a.m. teikningar, undir sérfræðing til samþykktar, sem skipaður er til þess af Minjasafni Reykjavíkur.
- ▶ Aðilum sem neitað er um styrk er í sjálfsvald sett að gera um það athugasemd til skipulagsráðs Reykjavíkur.
- ▶ Styrkir úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur eru auglýstir til umsóknar einu sinni á ári, í síðasta lagi þann 15. janúar, og er umsóknarfréttur um 3 vikur. Umsækjandi verður að fylla út eyðublað og afhenda þau gögn sem beðið er um á eyðublaðinu, að öðrum kosti er umsókn ekki tekin til greina. Ef umsókn berst of seint er hún ekki gjaldgeng.
- ▶ Öllum er heimilt að sækja um húsverndarstyrki.

▶ Upplýsingar

Umsóknareyðublað og reglur Húsverndarsjóðs liggja frammi hjá Borgarminjaverði, Árbæjarsafni, Kistuhyl 4, 110 Reykjavík, sími 577-1111, netfang abs@abs.rvk.is og á skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 3, 105 Reykjavík, sími 411 3000, netfang skipulag@rvk.is. Skrifstofa Borgarminjavarðar er opin frá 8:20 – 16:00 alla virka daga og afgreiðsla skipulags- og byggingarsviðs er opin frá 10:00 – 16:15 alla virka daga. Einnig eru umsóknareyðublað og reglur Húsverndarsjóðs á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is

Ábendingum og/eða kvörtunum vegna meðferð umsókna skal komið á framfæri við Borgarminjavarð, Árbæjarsafn og/eða skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur.

Upplýsingar um tengilið vegna þjónustu er að fá á skrifstofu Borgarminjavarðar og eða afgreiðslu skipulags- og byggingarsviðs.